

11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

107

26. okt.

12. gr.

Stjórninni skal falið að semja arðskrá í samráði við fiskiræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands. Arðskrá er komin í gildi, ef lögmætur fundur samþykkir hana og undirrituð er af $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Gildir hún til 10 ára í senn og er háð staðfestingu ráðherra.

Kostnað, er leiðir af starfsemi félagsins, skulu félagsmenn greiða í sama hlutfalli og þeir taka arð.

13. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum til sýslusjóðs allt að 1000 krónum og öðrum viðurlögum samkvæmt XIV. kafla laga nr. 61, 23. júní 1932.

14. gr.

Lögum þessum verður ekki breytt, nema $\frac{2}{3}$ mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

15. gr.

Félaginu má slíta, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, um lax- og sílungsveiði til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. október 1936.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

S A M Þ Y K K T

108

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Ólafsfjarðar.

26. okt.

1. gr.

Félagið heitir: Fiskræktar- og veiðifélag Ólafsfjarðar. Heimili þess og varnarping er í Ólafsfirði.

2. gr.

Markmið félagsins er að koma upp laxveiði á félagssvæðinu og gera hana arðberandi með því:

- 108 1. að sleppa árlega óákveðinni tölu laxaseiða í veiðivötnin í Ólafsfirði,
26. okt. 2. að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum stað eða fleirum, ef henta þykir, þegar veiði getur byrjað.

3. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til laxveiða í þessum vötnum: Ólafsfjarðar-ósi, Ólafsfjarðar-vatni, Ólafsfjarðar-á, og öllum þverám, er í vatnið og ána renna á félagssvæðinu, er nær fram að Vémundarstaðafossi, en jarðir á félagssvæðinu eru: Hornbrekka, Burstarbrekka, Hólkot, Vatnsendi, Lón, Kálfsá, Kálfsárkot, Hóll, Grund, Karlstaðir, Vémundarstaðir, Þverá, Kviabrekkur, Hringverskot, Hrúthóll, Þóroddstaðir, Auðnir, Garður, Skeggjabrekka, Ósbrekka.

4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax í vötnum þessum nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórninni að leigja ár á félagssvæðinu eða hluta af þeim einstökum mönnum eða félögum til stangarveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera lengur en til eins árs í senn, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.

6. gr.

Félagið rekur laxveiði við Ólafsfjarðarós og ef til vill víðar og ræður mann til að standa fyrir veiðinni. Nefnist hann veiðistjóri.

7. gr.

Veiðistjóri annast um framkvæmdir félagsveiðinnar. Ræður hann mann eða menn sér til aðstoðar eftir þörfum. Hann sér um verkun og sölu á veiðinni og færir alla reikninga þar að lútandi, allt í samráði við félagsstjórnina.

8. gr.

Félagið starfrækir laxaræktina í samráði við fiskræktarráðunaut, fyrst um sinn þannig, að það kaupir laxaseiði og sleppir í veiðivötnin. Kostnaði við það og annað, er við kemur fiskiræktinni, skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur. Eftir að veiði byrjar, skal jafnan klekja út 100 seiðum fyrir hvern lax, er veiðist á félagssvæðinu.

9. gr.

Stjórnina skipa þrír menn: formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir hlutkesti eftir tvö

ár; síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli, eða hann hafi verið 3 ár í stjórn.

108
26. okt.

10. gr.

Stjórnin hefir á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún ræður veiðistjóra og klakstjóra og gerir við þá samninga um kaup og önnur kjör, enda samþykki lögmætur félagsfundur þá samninga. Hún hefir eftirlit með því, að samþykkt félagsins sé hlýtt, og má ráða menn sér til aðstoðar, þó án kostnaðar fyrir félagið. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum.

11. gr.

Aðalfund heldur félagið í janúar ár hvert. Aðalfundur er lögmætur:

- a. ef hann er boðaður skriflega með minnst þriggja daga fyrirvara, og sé fundarefnis getið á fundarboði,
- b. ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna eru mættir.

Nú kemst ekki fundur á, og skal stjórnin þá boða til fundar á ný sem fyr, og er sá fundur þá lögmætur, ef mættur er helmingur félagsmanna. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram áætlun og tilögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins, og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninga. Hann kveður á um laun stjórnar og annara starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á samþykkt sé að ræða eða félagsslit.

12. gr.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

13. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

14. gr.

Arði af sameiginlegri veiði, svo og öllum gjöldum, er af starfsemi þess leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem ráðherra samþykkir og undirrituð er af $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Gildir hún til 10 ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram.

15. gr.

Eigi má úthluta arði samkvæmt 14. gr. fyr en eftir aðalfund, enda tekjuafgangur á ársreikningi félagsins. Verði útgjöld meiri en tekjur, skal jafna þeim niður á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, er arðskráin ákveður.

108

26. okt.

16. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðaða sektum til sýslusjóðs allt að 1000 kr. og öðrum viðurlögum samkvæmt XIV. kafla laga nr. 61, 23. júní 1932.

17. gr.

Lögum þessum verður ekki breytt, nema $\frac{2}{3}$ mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

18. gr.

Félaginu má slíta, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það á tveim fundum í röð.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og sagöngumálaráðuneytið, 26. október 1936.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

109

26. okt.

REGLUGERÐ

um niðurfjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavíkurkaupstað.

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru fasteignamati og standa á lóð, er liggur að götu eða vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsskatt.

Sama er og um önnur hús, er fá vatn veitt úr vatnsveitu bæjarins.

Skatturinn skal lagður á eftir fasteignamatsverði húsanna.

2. gr.

Húsum kaupstaðarins skal skipt í tvo flokka til vatnsskatts, sem hér segir:

1. flokkur:

Allar byggingar, sem engin íbúð er í:

Af fyrstu 100000 kr. fasteignamatsverðsins 3‰.

Af því, sem fasteignamatsverð er þar fram yfir, 2‰.

2. flokkur:

Allar byggingar, sem íbúð er í:

Af fyrstu 100000 kr. fasteignamatsverðsins 3,75‰.

Af því, sem fasteignamatsverð er þar fram yfir, 3,25‰.